

REGLUGERÐ

fyrir vatnsveitu Vopnafjarðarhrepps.

1. gr.

Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps hefur einkarétt til vatnssölu innan vatnsveituvæðis, sem nær frá Bjargi að Grund, að meðtalinni höfninni á Vopnafirði. Skipum á höfninni er óheimilt að taka vatn annars staðar, en þar sem vatnssölumaður ákveður.

2. gr.

Enginn má leggja vatnsæðar frá vatnsveitu hreppsins, nema með leyfi hreppsnefndar og undir eftirliti manns, sem hún nefnir til þess.

3. gr.

Hver sá, er komast vill í samband við vatnsveitu Vopnafjarðarhrepps, skal senda umsjónarmanni hennar skriflega umsókn um það. Vatnsveitan leggur stofnæðar um þorpið eftir þörfum, en notendur annast lagningu æða þaðan að húsum sínum á eigin kostnað allt að 60 metrum fyrir hús.

4. gr.

Umsjónarmaður vatnsveitunnar hefur eftirlit með öllu, sem að vatnsveitunni lýtur, og er öllum neytendum skylt að fara að fyrirmælum hans um efni, lagningu og viðhald vatnsæða sinna og annast viðgerðir og endurbætur tafarlaust, ef hann telur þess þörf.

5. gr.

Umsjónarmanni vatnsveitunnar er heimilt að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem eftir ítrekaða áminningu eyða vatni að óþörfu, nota það svo að óþrifum valdi eða vanræki að annast viðhald á vatnsæðum sínum. Bannað er að tengja vélar við vatnsveituna, nema með sérstökum samningi við hreppsnefndina. Þar sem slíkt á sér stað, skal tafarlaust samið um vatnsafnot. Neytendum er heimilt að skjóta ágreiningsatriðum til úrskurðar hreppsnefndar.

6. gr.

Hreppsnefnd getur fyrirskipað takmörkun á vatnsnotkun og jafnvel lokað fyrir vatn hluta úr sólarhring, til þess að tryggja fyrirtækjum, sem ekki geta án þess verið, nægilegt vatn. Þegar þannig stendur á, getur vatnsnotandi ekki krafizt lækkunar á gjaldi fyrir vatnið. Umsjónarmaður vatnsveitunnar getur lokað fyrir vatnið til hreinsunar á geymi og æðum vatnsveitunnar, enda skal slíkt tilkynnt fyrirfram, ef þess er kostur.

7. gr.

- a. Vatnsskatt skal greiða af öllum íbúðarhúsum með 0.5% af fasteignamatsverði þeirra, þó skal lágmarksgjald vera kr. 200.00 af hverri íbúð, hámarksgjald skal vera kr. 300.00, kr. 200.00 af annarri íbúð, ef um fleiri en eina íbúð í húsi er að ræða.
- b. Af verkmiðjum eða húsum, þar sem fram fer atvinnurekstur, sem útheimtir mikið vatn, skal greiða 1.5% af fasteignamatsverði þeirra, auk fastagjalds.
- c. Vatnsnot véla skulu mæld og greiðast 50 aurar fyrir hverja smálest.
- d. Af öllum gripahúsum og öðrum húsum, sem vatn liggur í, skal greiða sem lágmarksgjald kr. 50.00.
- e. Af hverri skrásettri atvinnubifreið skal greiða kr. 50.00.
- f. Af hverri tunnu síldar skal greiða 40 aura í vatnsgjald.

- g. Af hverri smálest af frystu kjöti skal greiða kr. 15.00.
 h. Af hverri smálest af innvegnum fiski, skal greiða kr. 1.50.
 i. Fyrir öll önnur vatnsafnot, sem ekki eru talin í reglugerð þessari, skal greiða samkvæmt samningi við hreppsnefnd.

204

27. des.

8. gr.

Þegar um fyrirtæki er að ræða, sem nota mikið vatn, sbr. c-lið 7. greinar, getur hreppsnefnd ákveðið að selja því vatn um mæli og kostar þá smálestin 50 aura. Sá, sem samkv. þessari grein og 7. gr. c-lið, kaupir vatn um mæli, skal sjálfur útvega sér mæli og annast viðhald hans. Hreppsnefnd hefur sjálfðæmi um verð vatnsnotanna, þar til þessu er fullnægt.

Fyrir vatn til skipa greiðast kr. 8.00 fyrir hverja smálest, minnsta gjald — opnunargjald — er kr. 40.00 fyrir fiskiskip, en kr. 100.00 fyrir önnur skip.

9. gr.

Eigendur húsa, hvers konar vatnsskyldrar framleiðsluvöru, eða iðnfyrirtækja, sem framleiða slíka vöru svo og hafnarsjóður vegna skipa, sbr. hafnarreglugerð, eru ábyrgir gagnvart vatnsveitunni um alla vatnsskatta samkv. reglugerð þessari.

10. gr.

Reikningsár vatnsveitunnar er almanaksárið. Gjaldldagi vatnsskatts samkvæmt 7. gr. er 15. ágúst, samkvæmt 8. gr. mánaðarlega.

11. gr.

Heimilt er hreppsnefndinni, ef sérstaklega stendur á, að hækka vatnsskatt um allt að 100% og lækka um allt að 80% frá ákvæðum þessarar reglugerðar, og taki þær breytingar jafnt til allra gjaldenda.

12. gr.

Hver sá, sem veldur skemmdum á eignum vatnsveitunnar, skal bæta það að fullu og sæta sektum samkv. 14. gr. Hver sá, sem verður sannur að sök um að taka vatn á heimildar, til þess að losna við að greiða gjöld, skal sæta sektum, nema þyngri refsing liggja við að lögum samkv. 14. gr.

13. gr.

Vatnsveitustjóra er frjálst að fara um hús manna, þar sem vatnsæðar liggja um, til eftirlits. Ef útbúnaði er á einhvern hátt ábótavant, skal það tafarlaust lagfært á kostnað húseiganda.

14. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum, allt að kr. 1000.00. Með mál út af brotum gegn reglugerð þessari, skal fara sem almenn lögreglumál.

15. gr.

Vatnsskatt má taka lögtaki í hinu skattskylda húsi eða atvinnufyrirtæki, án tillits til eigendaskipta.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 27. desember 1957.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.